

BORGARRÁÐ

Ár 2017, fimmtudaginn 5. október, var haldinn 5469. fundur borgarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 8.35. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Sigurður Björn Blöndal, Halldór Auðar Svansson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Líf Magneudóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman og Áslaug María Friðriksdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Hrólfur Jónsson, Birgir Björn Sigurjónsson, Ebba Schram, Sigrún Lilja Sigmarsdóttir, Örn Sigurðsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Linda Sif Sigurðardóttir.

Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Háaleitis og Bústaða frá 18. september 2017. R17010009
2. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Hlíða frá 21. september 2017. R17010010
3. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Laugardals frá 25. september 2017. R17010012
4. Lögð fram fundargerð hverfisráðs Miðborgar frá 21. september 2017. R17010013
5. Lögð fram fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 24. ágúst 2017. R17010025
6. Lögð fram fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 29. september 2017. R17010023
7. Lögð fram fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 4. október 2017. R17010021
B-hluti fundargerðarinnar samþykktur.
8. Lagðar fram fundargerðir verkefnisstjórnar miðborgarmála frá 21. og 26. september 2017. R17050116
9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, um embættisafgreiðslur erinda sem borist hafa borgarráði, alls 3 mál. R17100004
10. Lagt fram yfirlit skrifstofu borgarstjórnar, dags. í dag, yfir umsagnir um rekstrarleyfisumsóknir veitinga- og gististaða sem veittar hafa verið skv. heimild í viðauka 2.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 75/2013. R17100001
11. Lagt fram yfirlit yfir styrkumsóknir til borgarráðs ásamt fylgigögnum, dags. í dag. R17010042
Frestað.
12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. október 2017, varðandi framlagningu kjörskrár vegna alþingiskosninga 28. október 2017. R17090159
Samþykkt.
13. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. september 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. september 2017 á verklýsingu umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í september 2017, vegna breytingar á aðalskipulagi vegna Laugavegar-Skipholts (reitur 25), ásamt fylgiskjölum. R11060102
Samþykkt.
14. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. september 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. september 2017 á lýsingu skipulagsfulltrúa, dags. 21. september 2017, vegna nýs deiliskipulags fyrir Heklureit, ásamt fylgiskjölum. R17060131

Samþykkt.

15. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. september 2017, sbr. synjun umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. september 2017 á umsókn um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 105 við Laugaveg, ásamt fylgiskjöllum. R17100023
Synjun umhverfis- og skipulagsráðs staðfest.
16. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. september 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. september 2017 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda, ásamt fylgiskjöllum. R17100022
Samþykkt.
Borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.
17. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 28. september 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 27. september 2017 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 12 við Suðurlandsbraut, ásamt fylgiskjöllum. R17100021
Samþykkt.
- Kl. 8.45 tekur Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina sæti á fundinum.
18. Lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. september 2017, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 20. september 2017 á tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið Þ59 Sprengisandur, ásamt fylgiskjöllum, sbr. 12. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. september 2017. R17070003
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins samþykkja skipulagið enda hefur komið fram að ekkert í því standi í vegi fyrir samgönguumbótum á gatnamótum Bústaðavegar og Reykjanesbrautar sem borgarstjórn hefur samþykkt að skoða.

19. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs á tillögu, dags. 8. maí 2017, með breytingum, dags. 15. september 2017, að deiliskipulagi sem felur í sér uppbyggingu og stækkun Úlfarsárdalshverfis, ásamt fylgiskjöllum. R16060021
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins og leggur fram svohljóðandi bókun ásamt Kjartani Magnússyni sem tók sæti síðar á fundinum:

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að rétt sé að stækka Úlfarsárdalshverfi meira en fyrirbyggjandi deiliskipulagstillaga kveður á um eins og þeir hafa ítrekað flutt tillögur um. Slík stækkun getur vel átt sér stað með skipulagningu nýrrar byggðar vestur af Mímisbrunni. Þess í stað kys meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna að fjölga íbúðum inni í hverfinu með því að breyta sérbýlislóðum í fjölbýlishúsalóðir. Slíkt er gegn vilja fjölmargra núverandi íbúa, sem völdu sér búsetu þar á grundvelli núverandi deiliskipulags og hafa byggt og hannað hús sín út frá því. Ekki er samræmi milli fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu og draga að skipulagslýsingu ásamt lýsingu á fyrirhuguðum deiliskipulagsbreytingum, sem fulltrúar Reykjavíkurborgar kynntu á íbúafundi í Dalskóla 3. nóvember 2016. Í fyrirbyggjandi tillögu er langt gengið í því skyni að koma til móts við óskir lóðarhafa um breytingar úr sérbýli í fjölbýli. Með þessu er þrengt verulega að núverandi íbúum sem margir hverjir keyptu lóðir á háu verði á grundvelli núverandi deiliskipulags í trausti þess að farið yrði eftir því. Ljóst er að bílaumferð eykst með fjölgun íbúða en bílastæðum er hins vegar

ekki fjölgað í samræmi við það. Nú þegar eru bílastæðavandamál við ákveðnar götur í Úlfarsárdal þrátt fyrir að þær séu ekki fullbyggðar. Þá er gerð athugasemd við breytingar á umferðarskipulagi, t.d. að gatnamótum Urðarbrunnis og Skyggisbrautar sé breytt úr hringtorgi í krossgatnamót og flæði umferðar og öryggi við Sögutorg á gatnamótum Úlfarsbrautar og Urðarbrunnis.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Nú eru liðin rúm 2 ár síðan Framsókn og flugvallarvinir lögðu fram tillöguna að skipulag Úlfarsárdals yrði endurskoðað svo hægt væri að fjölga þar íbúðum og úthluta lóðum. Þessi vinna hefur tekið alltof langan tíma og íbúðirnar eru of fáar en einungis er verið að fjölga þeim um 450. Framsókn og flugvallarvinir hafa ítrekað bent á að fjölga þurfi íbúðum í Úlfarsárdal m.a. fyrir ofan Mímisbrunn.

- Kl. 8.55 vikur Ágústa Sveinbjörnsdóttir af fundinum.
- 20. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um styrk til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna byggingu blaðamannastúku, sbr. 34. lið fundargerðar borgarráðs frá 2. febrúar 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn íþrótt- og tómstundasviðs, dags. 28. september 2017. R17020015
Samþykkt að vísa tillögunni frá með vísan til umsagnar íþrótt- og tómstundasviðs.
- 21. Lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ræstistarfsfólk geti nýtt sér þjónustu mótuneyta starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. 43. lið fundargerðar borgarráðs frá 7. september 2017. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs, dags. 26. september 2017. R17090065
Samþykkt að vísa tillögunni frá með vísan til umsagnar skrifstofu þjónustu og reksturs.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Líkt og fram kemur í umsögn skrifstofu þjónustu og reksturs hefur starfsfólki verktaka við störf í stjórnsýsluhúsum alltaf verið heimilt að nýta sér mótuneyti borgarinnar. Skrifstofan hefur sett sig í samband við verktaka til að minna á að þetta er heimilt. Tillögunni er því vísað frá þar sem hún gengur út á að breyta því sem ekki þarf að breyta.

- Kl. 9.10 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa ítrekað fengið ábendingar um að starfsfólk verktaka, sem sinnir ræstingum í Ráðhúsi og Höfðatorgi, hafi ekki aðgang að mótuneytum á þessum stöðum. Hafa þessar ábendingar verið sannreyndar með fyrirspurnum til starfsmanna þessara mótuneyta. Ljóst er því að þarna er pottur brotinn, þótt borgarstjórnarmeirihlutinn kannist ekki við það, og úr því þarf að bæta. Ánægjulegt er ef tillaga Sjálfstæðisflokksins verður til þess þótt meirihlutinn kjósi að vísa tillögunni frá til að breiða yfir það klúður, sem þetta mál óneitanlega er.

- 22. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. október 2017, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalin atriði er varða aðgerðir í starfsmannamálum til að mæta manneklum og efla mannauð á leikskólum og varða ráðstöfun fjármuna innan ramma skóla- og frístundasviðs: 1. fjármagn til heilsuefingar, kr. 5.715.000, 2. fjármagn til að mæta auknu álagi og bæta

liðsanda, kr. 14.287.500, 3. undirbúningur tekinn í yfirvinnu, kr. 57.275.803, 4. fjölgun starfsmannafunda, kr. 33.078.420, 5. eingreiðsla til stjórnenda, kr. 11.960.000, 6. ímyndarvinna og kynningarstarf leikskóla í manneklu, kr. 5.000.000, 7. leita í raðir starfsmanna sem hafa látið af störfum, án kostnaðarauka, 8. viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunarvanda, án kostnaðarauka.

Greinargerð fylgir tillögunni. R17090049
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi viðaukatillögu:

Lagt er til að eftirfarandi liður bætist við: Eingreiðsla til leikskólakennara og annarra starfsmanna leikskóla, kr. 21.400.000.

Frestað.

Borgarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Í tilefni af fjölmiðlaumfjöllun vill borgarráð árétta að ekki kemur til greina að skerða vistunartíma barna í leikskólum hjá þeim fjölskyldum sem eru í fæðingarorlofi.

Helgi Grímsson, Soffía Pálsdóttir og Ragnheiður E. Stefánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

23. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 3. október 2017, ásamt fylgiskjölum:

Greinargerð fylgir tillögunni. R17090049
Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi viðaukatillögu:

Lagt er til að eftirfarandi liður bætist við: Eingreiðsla til starfsmanna fristundaheimila, kr. 11.000.000.

Frestað.

Helgi Grímsson, Soffía Pálsdóttir og Ragnheiður E. Stefánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

24. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 28. september 2017:

Lagt er til að settur verði saman hópur sérfræðinga sem geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningabátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum. Bæði verði hugað að almennum aðgerðum en sérstaklega leitað leiða til þess að auka kosningabátttöku ungs fólks og fólks af erlendum uppruna. Rannsóknir sýna að kosningabátttaka þessara hópa er mun verri en almennt gerist og því brýnt að leita allra leiða til þess að auka hana. Tillögurnar verði unnar í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmenningsráð og verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði. Leitað verði hugmynda og leiða í samvinnu við sérfróða aðila á sviði markaðs- og kynningarmála og sjónum í því sambandi einkum beint að samfélagsmiðlum. R17090251

Frestað.

25. Lagt fram að nýju bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 20. september 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita vilyrði fyrir lóð við Bústaðaveg 151, sbr. 27. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. september 2017. R17090188
Samþykkt.
26. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 2. október 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki úthlutun lóðar og sölu byggingarréttar á lóðinni Árland 10. R17100003
Samþykkt.
27. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 2. október 2017, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki að byggingarréttur fyrir 15 íbúðir að Fossvogsvegi 8 verði seldur með útboðsfyrirkomulagi. R17100008
Samþykkt.
28. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa gistiheimili að Sóleyjargötu 27, ásamt fylgiskjöllum. R17090299
Samþykkt.
29. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Rofabæ 31, ásamt fylgiskjöllum. R17090301
Samþykkt.
30. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Skipholti 46, ásamt fylgiskjöllum. R17090297
Samþykkt.
31. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Berjarima 26, ásamt fylgiskjöllum. R17090293
Samþykkt.
32. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Eyjabakka 11, ásamt fylgiskjöllum. R17090298
Samþykkt.
33. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Álagranda 10, ásamt fylgiskjöllum. R17090300
Samþykkt.
34. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Framnesvegi 27, ásamt fylgiskjöllum. R17090289
Samþykkt.
35. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Gnoðarvogi 32, ásamt fylgiskjöllum. R17090287
Samþykkt.
36. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Kleppsvegi 40, ásamt fylgiskjöllum. R17090283

Samþykkt.

37. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Miðtúni 36, ásamt fylgiskjöllum. R17090286
Samþykkt.
38. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Njálsgötu 86, ásamt fylgiskjöllum. R17090290
Samþykkt.
39. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Seljavegi 9, ásamt fylgiskjöllum. R17090288
Samþykkt.
40. Lagt fram bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 30. september 2017, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að kaupa íbúð að Kleppsvegi 134, ásamt fylgiskjöllum. R17090285
Samþykkt.
41. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu, dags. 5. október 2017, þar sem óskað er eftir samþykki borgarráðs fyrir því að auglýsa stofnframlög vegna almennra íbúða til umsóknar í tengslum við auglýsingu Íbúðalánasjóðs um stofnframlög. R17100089
Samþykkt.
42. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:
- Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvernig borgaryfirvöld standa að vinnu við útfærslu skipulagsins á Artúnshöfða. Hvað hefur verið gert, hvaða fundir hafa verið haldnir og hvernig stendur til að fara í áframhaldandi vinnu? Hvernig hefur samskiptum við eigendur húsa á svæðinu verið háttað?
R17100091

Fundi slitið kl. 9.48

Sigurður Björn Blöndal

Áslaug María Friðriksdóttir
Halldór Auðar Svansson
Kjartan Magnússon

Elsa Hrafnhildur Yeoman
Heiða Björg Hilmisdóttir
Líf Magneudóttir